

Nd.

## 508. Nefndarállt

um frumvarp til laga um gerðardóm í brunabótamálum:

Reynslan sýnir, að oft er miklum erfiðleikum bundið að ná brunabótum, og dæmi eru til, að váttryggendur, er orðið hafa fyrir slíku tjóni, hafa orðið að bíða árum saman eftir því að fá skaðann bættan, jafnvel þó engri grunsemð hafi verið til að dreifa um að þeir hafi verið valdir að brunanum. Úr slíkum annmörkum á frumvarp þetta að bæta; hyggjum vér, að það geti orðið og ráðum því hinni háttv. deild til að samþykkja það, þó með litlum breytingum, er hér verða taldar, og eru það aðallega orðabreytingar. Einnig ráðum vér til, að nýrri grein verði bætt við um að lög þessi skuli ekki ná til lögskyldrar váttryggingar.

### BREYTINGAR- OG VIÐAUKATILLÖGURNAR

verða þá þessar:

1. 5. gr. orðist þannig:

Fyrir gerðardóm má kveðja vitni og stýrir oddviti vitnaleiðslum. Um vitnastefnur, vitnaskyldu, vættisburðinn sjálfan og hegningarábyrgð fyrir rangan framburð gilda sömu reglur sem um vitni fyrir almennum dómstólum.

2. Við 6. gr. Fyrir: »málfærslu lokinni« komi: loknum flutningi málsins.

3. Við 6. gr. Fyrir: »gerðardómsmenn« komi: gerðardómsmennirnir.

4. Við 6. gr. Fyrir: »útnefndir« komi: kvaddir.

5. Við 7. gr. Fyrir: »beggja málsaðila« komi: þeirra.

6. Við 8. gr. orðist svo:

Gerðardómur eftir lögum þessum er fullnaðardómur fyrir báða aðila og verður honum ekki áfrýjað.

7. Ný grein, sem verður 10. gr., bætist inn í svo hljóðandi:

Lög þessi ná eigi til lögskyldrar váttryggingar.

Neðri deild 6. apríl 1911.

Magnús Blöndahl  
formaður.

Björn Þorláksson  
skrifari.

Bjarni Jónsson  
frá Vogu

Jón Ólafsson  
framsögum.

Jón Magnússon.